

Aðalfundur Beru hf. verður haldinn miðvikudaginn 13. maí 2026, kl. 16:00.

Framboðsfrestur til stjórnar rann út þann 8. maí 2026, kl. 16:00.

Eftirtaldir einstaklingar hafa gefið kost á sér til setu í stjórn félagsins:

### **Andri Þór Guðmundsson**

Andri hefur ekki áður setið í stjórn Beru.

Andri er fæddur árið 1966. Hann er menntaður sem viðskiptafræðingur og hefur lokið MBA námi við Rotterdam School of Management.

Hann var forstjóri Beru á árunum 2004-2026, og starfaði sem fjármálastjóri félagsins 2002-2004.

Andri er formaður Viðskiptaráðs Íslands og situr í stjórn Verzlunarskóla Íslands ses., Ofanleiti 1 ehf. og OA eignarhaldsfélags ehf. Hann er jafnframt formaður stjórnar Iceland Spring ehf. og situr í stjórn Collab ehf., en þessi félög eru dótturfélög Beru.

Hann á 75% í OA eignarhaldsfélagi ehf., sem á 158.181.520 hluti í Beru (5,52%), auk þess sem Andri á 132.418 hluti í Beru í eigin nafni. Hann á ekki í neinum hagsmunatengslum við viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins.

Andri telst háður félaginu og daglegum stjórnendum þess í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja, vegna fyrrum starfa sinna sem forstjóri félagsins. Hann telst hins vegar óháður stórum hluthöfum félagsins í skilningi leiðbeininganna.

### **Gerður Huld Arinbjarnardóttir**

Gerður hefur setið í stjórn Beru síðan í maí 2023. Hún situr jafnframt í endurskoðunarnefnd félagsins, sem er ein af undirnefndum stjórnar.

Gerður er fædd árið 1989. Hún hefur lokið ýmis konar námskeiðum á vegum Success Resources á sviði viðskipta- og markaðsfræði. Gerður hefur starfað sem framkvæmdastjóri BSH15 ehf., sem rekur verslunina Blush, frá 2011. Þá hefur Gerður verið sjálfstætt starfandi ráðgjafi í markaðsmálum og fyrirlesari frá 2020.

Auk starfa sinna fyrir Blush situr Gerður einnig í stjórn A.S. leigufélags ehf., BSH15 ehf., HV23 slf. og annarra eigin félaga.

Gerður á ekki hluti í Beru og á í engum hagsmunatengslum við viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins eða við hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Gerður telst óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum félagsins.

### **Magnús Árnason**

Magnús hefur setið í stjórn Beru frá árinu 2023. Hann er varaformaður stjórnar og situr jafnframt í starfskjaranefnd félagsins, sem er ein af undirnefndum stjórnar.

Magnús er fæddur árið 1979. Hann er með stúdentspróf og starfar sem ráðgjafi. Áður hefur Magnús starfað sem framkvæmdastjóri stafrænnar þróunar og markaðsmála hjá Nova, framkvæmdastjóri vöruþróunar hjá OZ og framkvæmdastjóri alþjóða-vörumerkjamála hjá Latabæ. Magnús sat jafnframt áður í stjórnnum indó sparisjóðs hf., Nova klúbbsins hf. og Nova hf.

Magnús situr einnig í stjórn Jurtar ehf., auk stjórnarsetu í eigin félögum, þ.m.t. M Miðlunar ehf., Markar Advisory ehf. og Sprengistjörnu ehf.

Hann á 785.248 hluti í Beru í gegnum eignarhaldsfélagið Sprengistjörnu ehf., en á í engum hagsmunatengslum við viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins.

Magnús telst óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Magnús telst hins vegar háður stórum hluthöfum félagsins vegna fyrrum starfa sinna fyrir Fagkaup ehf., sökum eignatengsla þess við Bóksal ehf. og Sindrandi ehf., sem eiga alls um 21% hlut í Beru.

### **Rannveig Eir Einarsdóttir**

Rannveig hefur setið í stjórn Beru frá árinu 2017. Hún situr jafnframt í starfskjaranefnd félagsins.

Rannveig er fædd árið 1965. Hún er viðskiptafræðingur og með MBA gráðu, og starfar sem forstjóri þróunar- og byggingarfélagsins Reir verk ehf. Áður gegndi Rannveig í 16 ár stöðu forstöðumanns flugþjónustusviðs Icelandair.

Frá árinu 2016 hefur Rannveig starfað á sviði fasteignapróunar og byggingarstarfsemi, sem forstjóri og meðeigandi að Reir verk ehf.

Rannveig situr í stjórn Sýnar hf., sem og í stjórnnum eigin félaga.

Hún á alls 113.033.183 hluti í Beru (3,95%) í gegnum eignarhaldsfélagið Reir ehf., sem er óbeint í jafnri eigu hennar og eiginmanns hennar. Hún á í engum hagsmunatengslum við viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins eða við hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Rannveig telst óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum félagsins.

### **Sigríður Elín Sigfúsdóttir**

Elín hefur setið í stjórn Beru síðan í maí 2024. Hún situr jafnframt í endurskoðunarnefnd félagsins.

Elín er fædd árið 1955. Hún er menntuð sem viðskiptafræðingur og er sjálfstætt starfandi. Starfsreynsla Elínar felst einkum í bankastörfum til 30 ára.

Elín er stjórnarformaður Hannesarholts ses. og Arnrúnar íbúðafélags hses. og meðstjórnandi í SEA THRU ehf. og Sjálfseignarstofnun Kvennaathvarfsins.

Hún á ekki hluti í Beru og á í engum hagsmunatengslum við viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins eða við hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Elín telst óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum félagsins.